

Sp. 292. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]
um varnargarð á Eiðinu í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram verkfærðilega athugun á því, hversu megi fyrir koma á Eiðinu í Vestmannaeyjum traustum vörnum gegn hafróti, og undirbúa varnaraðgerðir að athugun lokinni.

Greinargerð.

Með vaxandi bátafjölda í Eyjum og auknum hafnarmannvirkjum verður æ augljósara, hversu mikil hættu bátum og hafnarmannvirkjum stafar af því, að grandinn milli Stóra-Klifs og Heimakletts — Eiðið, sem svo er nefnt — virðist síga æ meira í sæ. Eiðið, sem liggur að höfninni norðanverðri og hefur um langan aldur verið vörn hafnarinnar fyrir útsunnanbriminu, virðist vera stöðugt að lækka, og gengur hafrót yfir það nú orðið í miklu minna brimi en áður gerðist. Þessi varnarveggur, sem hefur hindrað öldur Atlantshafsins frá því að falla óbrotnar inn í Vestmannaeyjahöfn virðist óðum vera að lækka. Áður fyrr þótti annáláhæft, ef fyrir kom í mesta stórbrimi, að sjór félli yfir Eiðið; nú er það alltítt. Ekki verður annað séð en að hafið sé á góðri leið með að mala niður þær varnir, sem Eiðið veitir höfninni, nema aðgerðir verði hafnar til að styrkja þær og auka viðnám grandans.

Fyrir nokkrum árum fór fram á vegum vita- og hafnarmálaskrifstofunnar lítils háttar viðgerð til að styrkja grandann og mun hafa borið nokkurn árangur í bili, þótt mjög væri ófullnægjandi.

Þess vegna er þessi till. til þál. borin fram, að þörf virðist mikilla aðgerða á þessum stað til að styrkja þennan „varnarvegg“ hafnarinnar og skapa henni og bátaflotanum öryggi umfram það, sem nú er.